

Sp.

358. Fyrirspurnir.

[185. mál]

I. Til félagsmálaráðherra um framkvæmd þingsályktunar um vinnutíma sjómanna.

Frá Karvel Pálmasyni.

1. Hefur nefnd sú, sem þingsályktun sem samþykkt var á Alþingi 16. maí 1972, um vinnutíma sjómanna, gerði ráð fyrir að skipa, starfað?
2. Ef svo er, hvenær má þá vænta niðurstöðu af störfum hennar?

II. Til iðnaðarráðherra um rekstrarlán iðnfyrirtækja.

Frá Þórarni Þórarinssyni.

Hafa verið gerðar af opinberri hálfu ráðstafanir til að tryggja iðnfyrirtækjum næg rekstrarlán með tilliti til sívaxandi rekstrarkostnaðar þeirra að undanfögnu?

III. Til menntamálaráðherra um nýskipan iðnfræðslu og tæknimenntunar.

Frá Þórarni Þórarinssyni.

Hvað liður störfum nefnda þeirra, sem voru skipaðar 1973 til að vinna að nýskipan iðnfræðslu og tæknimenntunar?

IV. Til menntamálaráðherra um framhaldsnám hjúkrunarkvenna.

Frá Þórarni Þórarinssyni.

Hvenær má vænta ráðstafana til að tryggja hjúkrunarkonum rétt til framhaldsnáms við Háskóla Íslands í hjúkrunarfræðum?